

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna

Ársfundur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna (LV) var haldinn mánudaginn 25. maí 2009 kl. 18.15 í Gullteigi á Grand Hótel.

Gunnar P. Pálsson, formaður stjórnar sjóðsins, setti ársfundinn og bauð fundarmenn velkomna. Formaður gerði tillögu um Ólaf Gústafsson hrl. sem fundarstjóra og var hún samþykkt. Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem var auglýstur í Morgunblaðinu hinn 22. febrúar, 23. apríl, 25. apríl og 25. maí og í Fréttablaðinu 23. apríl, 9. maí og 25. maí og lýsti hann fundinn lögmætan. Fundarstjóri lagði síðan til að Margrét Kristinsdóttir, deildarstjóri lífeyrisdeildar sjóðsins, yrði fundarritari og var það samþykkt.

Staða LV í breyttu umhverfi – kynning á niðurstöðum úttektar Capacent á starfsemi og árangri sjóðsins

Bjarni Snæbjörn Jónsson og dr. Birgir Örn Arnarsson, frá Capacent ráðgjöf, kynntu niðurstöður úttektar Capacent á starfsemi og árangri LV.

Bjarni fór yfir tilurð og tilhögum verkefnisins, en samkvæmt ákvörðun stjórnar LV var Capacent falið að vinna verkefnið, Úttekt – stefnumótun, á vormánuðum 2009. Úttektin lýtur að stöðu og starfsemi lífeyrissjóðsins og skiptist í fjóra þætti: Íslenskt lífeyriskerfi í alþjóðlegum samanburði, LV og aðrir íslenskir lífeyrissjóðir, laga- og reglugerðarumhverfi lífeyrissjóða, og fjárfestingastefna, eftirlitskerfi og skýrsluskil LV.

Í máli Bjarna kom m.a. fram að Capacent hafi gengið úr skugga um að fyrirbyggjandi mat á eignum sjóðsins væri með sambærilegum hætti og hjá öðrum lífeyrissjóðum. Capacent fór m.a. yfir innri verkferla og fundargerðir til að meta stjórnarhætti í sjóðnum og taldi Bjarni, að þær ákvarðanir sem teknar voru í sjóðnum á sínum tíma væru í fullu samræmi við þær reglur sem þá voru í gildi. Capacent vann úttektina algjörlega sjálfstætt og fékk aðgang að öllum þeim gögnum og sérfræðingum sem þeir þurftu á að halda. Sagði hann að miðað við þá stöðu sem nú væri uppi væru ýmiss mætti sem taka mætti til endurmats og það hafi verið hluti af því sem verkefnið gekk

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

út á, að skapa ákveðinn grunn fyrir endurmat á stefnu sjóðsins og væri sú vinna þegar hafin.

Birgir Örn Arnarson greindi frá helstu niðurstöðum í skýrslu Capacent um stöðu og starfsemi lífeyrissjóðsins. Í máli Birgis kom m.a. fram að staða Íslendinga í alþjóðlegum samanburði er öfundsverð. Á Íslandi koma lífeyrisgreiðslur að stærstum hluta frá lífeyrissjóðunum, en í flestum öðrum löndum er lítil sjóðsöfnun og koma lífeyrisgreiðslurnar því úr sameiginlegum sjóðum sem skattgreiðendur þessara landa verða að fjármagna hverju sinni. Meðalaldur fer hækkandi í flestum löndum næstu áratuginna og er vandséð hvernig sumar þjóðir ætla að standa undir lífeyrisgreiðslum sem nú þegar eru miklar. Íslenska lífeyriskerfið er hins vegar fjármagnað að fullu, þjóðin er hlutfallslega ung. Ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða árið 2008 var slæm en í samanburði við önnur lönd er útkoman ekki jafn afleit og búast hefði mátt við eftir efnahagslegt hrun á Íslandi. Lífeyrissjóðir á Íslandi búa að ágætri ávöxtun og uppsöfnun eigna síðustu áratuginna. Þegar litið er til lengri tíma hafa þeir því alla burði til að halda áfram að styrkjast.

Í skýrslunni kemur einnig fram að í heildina kemur LV vel út í samanburði við aðra íslenska lífeyrissjóði. Ávöxtun eigna stenst samanburð, vinnubrögð eru góð og kostnaður lægri en almennt gerist. Á árunum 2003 til 2007 jukust heildareignir LV mikið, líkt og lífeyriskerfisins í heild, en rýrnuðu töluvert árið 2008. Að grunni til hefur mynstur í ávöxtun sjóðanna verið áþekkt en LV hefur yfirleitt sýnt bestu eða nálægt því bestu ávöxtunina. Svipað mynstur í ávöxtun sjóðanna kemur ekki á óvart í ljósi þess að eignasamsetning þeirra hefur verið svipuð, hvort sem litið er til eignaflokka eða hlutfalls innlendra og erlendra eigna.

Þá sagði Birgir, að í árlegri innri endurskoðun á sjóðnum, síðast í byrjun árs 2009, hafi verið gerð ítarleg athugun á helstu atriðum í starfsemi sjóðsins, svo sem innri ferlum, lögum, reglum, samþykktum, skýrslum stjórnar, upplýsingakerfum og fjárfestingarstefnu sjóðsins. Jafnframt hafa verið gerðar ítarlegar athuganir á einstökum þáttum í starfsemi sjóðsins. Af skýrslunum má ráða að starfsemi sjóðsins er með ágætum og ennfremur má álykta að vel hafi verið brugðist við ábendingum þar sem þær eru aldrei þær sömu tvö ár í röð.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Reikningar LV eru endurskoðaðir af endurskoðunarfyrtækinu PWC. Niðurstaða endurskoðunarinnar hefur án undantekningar verið, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur. PWC bendir þó á í áritun ársreiknings 2008 að óvissa ríki um uppgjör gjaldmiðlavarnarsamninga sjóðsins. Samningarnir, sem voru gerðir í þeim tilgangi að stýra gjaldmiðlaáhættu sjóðsins, voru að formi og skilmálum í samræmi við það sem almennt tíðkaðist. Uppgjör þeirra lýtur að lögfræðilegum álitaefnum sem líklegt er að fáist ekki leyst úr nema fyrir dómi. Capacent gerir ekki athugasemd við þær forsendur sem gefnar eru í uppgjöri hvað samningana varðar en bendir á, líkt og ytri endurskoðandi, að töluverð óvissa ríkir um endanlegar lyktir. Einnig er bent á að til framtíðar kunni að vera rétt að grundvalla slíka samninga á alþjóðlegum stöðlum sem myndi draga úr uppgjörsóvissu.

Capacent fór yfir tilhögun við mat vegna niðurfærslu á skuldabréfum íslenskra fyrirtækja og fjármálastofnana við ársuppgjör 2008 en samkvæmt tilmælum Fjármálaeftirlitsins samræmdu lífeyrissjóðirnir mat sitt á niðurfærslu vegna skuldabréfaeignar í ársuppgjöri. Bæði var haft samband við starfsmenn og endurskoðendur sjóðsins, farið yfir ferli við niðurfærsluna og niðurstöðu í tilviki einstakra bréfa. Í ljósi þeirra upplýsinga sem lágu fyrir þegar matið var framkvæmt gerir Capacent ekki athugasemdir við niðurstöður í ársuppgjöri sjóðsins. Þá eru ekki gerðar athugasemdir við vinnubrögð sjóðsins varðandi fjárfestingarstefnu, innri endurskoðun, ytri endurskoðun eða tryggingafræðilegt uppgjör.

Þegar á heildina er litið telur Capacent að vinnubrögð stjórnenda LV standist fyllilega þær kröfur sem til þeirra eru gerðar og er rekstrarkostnaðurinn lægri en almennt gerist hjá sambærilegum sjóðum.

1. Skýrsla stjórnar

Gunnar P. Pálsson formaður flutti skýrslu stjórnar. Í máli hans kom m.a. fram að árið 2008 var ár áfalla á fjármálamörkuðum innanlands og erlendis og var það erfiðasta í sögu lífeyrissjóðsins.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Á liðnu ári var lögð áhersla á að draga úr vægi innlendra hlutabréf og auka að sama skapi vægi innlendra skuldabréfa, einkum ríkistryggðra bréfa. Þá var horft til þess að selja fyrirtækjaskuldabréf eftir því sem kostur var.

Við fall viðskiptabankanna þriggja í byrjun október urðu hlutabréf í bönkunum verðlaus sem hafði afgerandi áhrif á afkomu sjóðsins. Óvissa í íslensku efnahagsumhverfi í kjölfarið hefur einnig haft í för með sér niðurfærslu á skuldabréfaeigninni. Eftir sem áður er meginhluti eigna lífeyrissjóðsins í traustum verðbréfum sem munu halda verðgildi sínu og bera góða ávöxtun til framtíðar.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins um sl. áramót var neikvæð um 7,2% sem er innan þeirra marka sem lög mæla fyrir um. Eignir samanborið við áfallnar skuldbindingar voru neikvæðar um 9,8%. Vegna sterkrar stöðu lífeyrissjóðsins fyrir fjármálakreppuna og virkrar dreifingar eigna ákvað stjórn sjóðsins að halda lífeyrisgreiðslum og réttindum óbreyttum frá síðustu áramótum í þeirri von að úr rættist á verðbréfamörkuðum á þessu ári.

Fjármálakreppan hefur því ekki leitt til lækkunar lífeyrisréttinda og er það mat stjórnenda sjóðsins að hægt verði að vinna til baka eignafall sjóðsins á næstu árum. Meðalaldur greiðandi sjóðfélaga lífeyrissjóðsins er hagstæður eða aðeins tæp 35 ár. Þannig hefur sjóðurinn möguleika til þess að nýta sér kosti hagstæðrar aldurssamsetningar til að hámarka arðsemi hans á komandi árum og áratugum. Hafa þarf í huga að einungis 30% af iðgjöldum ársins eru greidd út í formi lífeyris og því mun lífeyrissjóðurinn halda áfram að vaxa á komandi áratugum. Sjóðurinn hefur sýnt aðra hæstu ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða til margra ára sem hefur gert honum kleift að auka lífeyrisréttindi sjóðfélaga um 21,1% umfram verðlagsbreytingar frá árinu 1997.

Aukið atvinnuleysi og margvíslegir erfiðleikar í þjóðfélaginu hefur leitt til þess að vanskil hafa aukist. Lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum sem eiga í erfiðleikum með að greiða af lánum sínum hjá sjóðnum upp á margvísleg úrræði. Mál hvers og eins eru yfirfarin og metin og leitast er við að aðstoða lántakendur með tilliti til aðstæðna. Þannig er lánum skuldbreytt eftir því sem aðstæður bjóða, þau lengd og

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

boðið upp á að greiða eingöngu vexti í tiltekinn tíma. Í sumum tilvikum getur hentað lántakendum að óska eftir greiðslujöfnun.

Í kjölfar fjármálakreppunnar er óvissa um hver afkoma sjóðsins sem og annarra lífeyrissjóða verður á árinu 2009. Ennfremur er bagaleg sú réttarlega óvissa sem ríkir um uppgjör gjaldmiðlavarnarsamninga lífeyrissjóðanna. En núverandi staða felur jafnframt í sér tækifæri fyrir lífeyrissjóðinn þar sem mögulegt er að fjárfesta í verðbréfum til lengri tíma á hagstæðu verði.

Formaður lýsti yfir ánægju með úttekt Capacent ráðgjafar á starfsemi lífeyrissjóðsins sem hann taldi góðan grunn fyrir stefnumótun sjóðsins á komandi mánuðum. Þá sagði hann að í ljósi nýlegra breytinga í stjórn VR væri hann líklega að hverfa úr stjórn lífeyrissjóðsins.

Formaður þakkaði að lokum stjórnarmönnum fyrir gott og ánægjulegt samstarf á liðnu ári. Jafnframt þakkaði hann fyrir hönd stjórnar lífeyrissjóðsins öllu starfsfólki sjóðsins fyrir góð störf á liðnu ári og þá þakkaði hann sérstaklega fráfarandi forstjóra, Þorgeiri Eyjólfssyni, fyrir störf fyrir sjóðinn síðustu þrjá áratugi.

2. Greinargerð framkvæmdastjóra

a) Ársreikningur fyrir síðasta starfsár

Guðmundur Þ. Þórhallsson, starfandi framkvæmdastjóri lífeyrissjóðsins, gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins fyrir árið 2008. Í ræðu hans kom m.a. fram að árið 2008 var eitt það versta á fjármálamörkuðum bæði hér á landi og erlendis. Hrun innlends hlutabréfamarkaðar auk verulegrar lækkunar á erlendum hlutabréfamörkuðum hafði umtalsverð áhrif á afkomu sjóðsins á árinu 2008. Ávöxtun á árinu 2008 var neikvæð um 11,8%. Hins vegar er raunávöxtun sjóðsins til lengri tíma jákvæð hvort sem litið er til fimm, tíu eða tuttugu ára tímabils. Fall viðskiptabankanna í október 2008 og óvissa í íslensku efnahagsumhverfi í kjölfarið hefur haft í för með sér niðurfærslu á skuldabréfaeigninni og afskriftir á stórum hluta innlendrar hlutabréfaeignar sjóðsins. Lífeyrissjóðirnir samræmdu niðurfærslu

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

á skuldabréfaeign sjóðanna í ársuppgjöri vegna liðins árs en lífeyrissjóðirnir lúta sem aðrar fjármálastofnanir eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Iðgjöld sjóðfélaga og launagreiðenda námu 17,1 milljörðum í samanburði við 15,8 milljarða á árinu 2007 og hækkuðu því um 8,1% á liðnu ári. Á greiðslugrunni hækkuðu iðgjöldin um 9,4%.

Lífeyrisgreiðslur námu 5 milljörðum á liðnu ári og hækkuðu um 18% frá árinu 2007 þegar þær námu tæpum 4,3 milljörðum. Þar af nam ellilífeyrir 3.205 milljónum og örorkulífeyrir 1.289 milljónum. Lífeyrisþegar voru 8.662 um síðustu áramót og fjölgaði um 7% á síðasta ári. Þar af þáðu 4.844 ellilífeyri og 2.126 örorkulífeyri.

Fjárfestingartekjur voru neikvæðar um 32 milljarða en á árinu 2007 námu þær 17,5 milljörðum. Fall viðskiptabankanna í október 2008 og óvissa í íslensku efnahagsumhverfi í kjölfarið hefur haft í för með sér niðurfærslu á skuldabréfaeigninni og afskriftir á stórum hluta innlendar hlutabréfaeignar sjóðsins.

Rekstrarkostnaður sjóðsins vegna fjárfestinga nam á síðasta ári 241 milljón og annar rekstrarkostnaður 221 milljón. Inni í þessum tölum er launakostnaður með launatengdum gjöldum sem nam 289 milljónum. Aðrar tekjur námu 69 milljónum. Rekstrarkostnaður að frádregnum öðrum tekjum nam 0,92% af iðgjöldum eða 0,06% af eignum, sem er það lægsta sem þekkist meðal lífeyrissjóðanna en framangreind hlutföll miðast við skilgreiningu Fjármálaeftirlitsins. Þegar fjárfestingargjöldum er bætt við er kostnaðarhlutfallið 0,15% af eignum.

Hjá lífeyrissjóðnum starfa nú 29 starfsmenn. Meðalfjöldi stöðugilda á árinu 2008 var 28,6 samanborið við 27,5 árið áður. Sjóðurinn hefur ávallt leitast við að sýna aðhald og hagkvæmni í rekstri. Til marks um það hefur á undanförunum 7 árum tekist að halda nánast sama starfsmannafjölda þrátt fyrir að umfang hafi aukist mikið og starfsumhverfi sjóðsins sé flóknara en áður var. Mikið mæðir t.d. á þjónustuveri sjóðsins en fjöldi svaraðra símtala voru tæplega 45 þúsund á liðnu ári og var svarhlutfall mjög ásættanlegt eða tæp 92%.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Hrein eign sjóðsins í árslok til greiðslu lífeyris nam 248,8 milljörðum samanborið við 269,1 milljarð í árslok 2007. Fjárfestingar, eða verðbréfaeign sjóðsins auk eignarhluta sjóðsins í Húsi verslunarinnar námu 227,1 milljarði í árslok. Verðbréf með breytilegum tekjum námu 90,9 milljörðum, þar af námu erlend verðbréf 87,3 milljörðum og innlend hlutabréf 3,6 milljörðum. Verðbréf með föstum tekjum, þ.e. skuldabréf námu 135,4 milljörðum í árslok og þar af eru útistandandi lánveitingar til sjóðfélaga 42,1 milljarður. Bankainnistæður bundnar lengur en í þrjá mánuði námu 457 milljónum.

Sjóðurinn ráðstafaði 38,1 milljarði til lánveitinga og verðbréfakaupa og seldi verðbréf fyrir 43,2 milljarða. Sala verðbréfa umfram kaup nam því 5,1 milljarði. Skuldabréfakaup námu 16,5 milljörðum. Sjóðfélögum voru lánaðir 5,9 milljarðar og keypt voru skuldabréf íbúðalánasjóðs fyrir 7,2 milljarða. Önnur verðbréfakaup og lánveitingar svo sem til stofnlánasjóða auk kaupa á markaðsverðbréfum banka og fyrirtækja námu 3,4 milljörðum.

Seld voru skuldabréf að fjárhæð 2,1 milljarður. Kaup innlendra hlutabréfa námu 15,2 milljörðum en seld voru hlutabréf fyrir 21,2 milljarða. Þannig nam sala hlutabréfa 6 milljörðum umfram kaup. Kaup erlendra verðbréfa námu 6,3 milljörðum en sala 19,9 milljörðum og nam því sala erlendra verðbréfa 13,6 milljörðum umfram kaup.

Í árslok 2008 námu íbúðabréf og önnur ríkistryggð skuldabréf 22% af verðbréfaeigninni, markaðsverðbréf banka, fjárfestingalánasjóða, eignarleiga, sveitarfélaga og fyrirtækja voru 15% eignarinnar, sjóðfélagalán 15% og bankainnistæður 14%. Innlend hlutabréf voru 1% og erlend verðbréf 33% af verðbréfaeigninni.

Kröfur á launagreiðendur námu um síðustu áramót 1.884 milljónum og hækkuðu um 136 milljónir á árinu. Að lang stærstum hluta er þar um að ræða ógreidd iðgjöld vegna desembermánaðar sem skilað er af launagreiðendum í janúarmánuði. Aðrar kröfur eru 126 milljónir. Undir liðnum aðrar eignir eru sjóður

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

og veltiinnlán fyrirferðamestar en þær námu 35,6 milljörðum í árslok 2008.

Á árinu 2008 voru afgreidd 1.028 lán til einstaklinga í samanburði við 924 lán árið áður sem er aukning um 11%. Heildarfjárhæð afgreiddra sjóðfélagalána var 5,7 milljarðar samanborið við 5,1 milljarð árið 2007 sem er hækkun um 13% milli ára.

Skuldabréfaviðskipti námu 19,5 milljörðum á liðnu ári. Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í innlendum skuldabréfum fyrir 16,5 milljarða og seldi skuldabréf fyrir 2,1 milljarð. Um síðustu áramót nam skuldabréfaeignin 135,4 milljörðum eða 52% af verðbréfaeign.

Hlutabréfaviðskipti sjóðsins námu 36,4 milljörðum. Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í innlendum hlutabréfum fyrir 15,2 milljarða og seldi hlutabréf fyrir 21,2 milljarða. Um síðustu áramót nam hlutabréfaeign sjóðsins 3,6 milljörðum eða 1,4% af verðbréfaeign. Sjóðurinn hefur ávallt beitt virkri eignastýringu á innlendu hlutabréfaeignina með það að markmiði að innleysa gengishagnað af verðhækkunum hlutabréfa til þess að tryggja sem besta ávöxtun.

Erlend verðbréfaviðskipti námu 26,2 milljörðum á liðnu ári. Lífeyrissjóðurinn fjárfesti í erlendum verðbréfum fyrir 6,3 milljarða og seldi erlend verðbréf fyrir 19,9 milljarða. Erlend verðbréfaeign um sl. áramót nam 87,3 milljörðum samanborið við 84,4 milljarða í árslok 2007 og er nú 33,3% af verðbréfaeign. Af erlendu verðbréfaeigninni eru 4,5 milljarðar í skuldabréfasjóðum.

Staðan á erlendum fjármálamörkuðum var afar erfið á liðnu ári. Þannig lækkaði heimsvísitala Morgan Stanley um 42,3%, en hún er helsti mælikvarði á breytingu hlutabréfaverðs í heiminum. Á móti veiktist íslenska krónan gagnvart erlendum gjaldmiðlum um 44,5%.

Sjóðurinn hefur frá árinu 2001 verið í viðskiptum við innlenda banka vegna gjaldmiðlavarnarsamninga, í þeim tilgangi að draga úr áhættu vegna misvægis á gjaldmiðlasamsetningu erlendrar verðbréfaeignar sjóðsins gagnvart gengisvísitölu íslensku krónunnar og til að draga úr gjaldeyrisáhættu sjóðsins.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Lífeyrisskuldbindingar sjóðsins eru í íslenskum krónum og markmiðið með gjaldmiðlavarnarsamningum er að draga úr þeirri áhættu að erlendar eignir sjóðsins lækki í íslenskum krónum ef krónan styrkist gagnvart öðrum gjaldmiðlum.

Eftir fall Glitnis, Kaupþings og Landsbankans í október 2008, hrundi gengi íslensku krónunnar og algjör markaðsbrestur myndaðist á gjaldeyrismarkaði því viðskiptabankarnir þrír gátu ekki lengur sinnt viðskiptavakt með krónuna. Lífeyrissjóðir og aðrir aðilar sem höfðu gert gjaldmiðlavarnarsamninga við bankana gátu því ekki lokað samningunum eða gert ráðstafanir til að draga úr tapi þeirra.

Í tengslum við fall viðskiptabankanna og markaðsbrest á gjaldeyrismarkaði, telur sjóðurinn að forsendur þessara samninga hafi brostið og byggir þar m.a. á ytri og innri sérfræðilítum. Sjóðurinn hefur ásamt öðrum lífeyrissjóðum lagt fram tilboð til skilanefnda viðskiptabankanna um uppgjör samninganna byggt á forsendum fyrrgreindra sérfræðilíta og er nettóskuld sjóðsins í árslok 2008 metin á 15,6 milljarða króna og er sú fjárhæð færð í efnahagsreikninginn undir liðnum skuldir. Sjóðurinn telur að framangreint mat á áhrifum samninganna sé byggt á bestu vitneskju, miðað við stöðu við gerð ársreikningsins en bendir á óvissu um endanlega niðurstöðu um uppgjör samninganna. Verði niðurstaðan frábrugðin mati sjóðsins getur það leitt til breytinga á hreinni eign og haft áhrif á tryggingafræðilega stöðu sjóðsins. Líklegt er að málið verði útkljáð fyrir dómstólum fallist viðkomandi viðskiptabankar ekki á rök sjóðsins í málinu. Mikið starf hefur verið unnið á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða til að ná ásættanlegri niðurstöðu um uppgjör samninganna fyrir hönd lífeyrissjóðanna. Við gerð ársreikningsins hefur sjóðurinn gert ráð fyrir að geta skuldajafnað skuldabréfum og öðrum kröfum gagnvart þeim viðskiptabönkum sem kröfur eiga á sjóðinn vegna skuldastöðu framvirkra gjaldmiðlavarnarsamninga.

Ávöxtun á árinu 2008 var neikvæð um 11,7% sem samsvarar 24,1% neikvæðri raunávöxtun samanborið við 1,1% raunávöxtun á árinu 2007. Hrein ávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum var neikvæð um 11,8% sem samsvarar 24,2% neikvæðri raunávöxtun. Meðalraunávöxtun síðustu fimm ára er 2,3% og síðustu tíu ára 3,2%. Meðalraunávöxtun sjóðsins

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

síðustu 20 árin er 5,0%. Lífeyrissparnaður er langtímasparnaður, en í því felst það tækifæri, að hægt er að fjárfesta í verðbréfum sem sveiflast í verði en gefa góða ávöxtun til lengri tíma litið. Sagan segir að á löngum tíma er þeim umbunað með hærri langtímaávöxtun sem taka á sig sveiflur.

Á árinu 2008 var ávöxtun sjóðsins eins og flestra annarra lífeyrissjóða afar lág vegna alþjóðlegu fjármálakreppunnar og bankahrunsins á Íslandi. Neikvæð ávöxtun ársins hafði einnig áhrif á langtímaávöxtun sjóðsins. Langtímaávöxtunin fyrir fjármálakreppuna, þ.e. á árunum 1989 til 2007 var að meðaltali 6,8% á ári. Ávöxtun ársins 2008 lækkaði langtímaávöxtun sjóðsins á árunum 1989 til 2008 í 5,0%. Þrátt fyrir það er tuttugu ára meðalraunávöxtun sjóðsins vel yfir þeirri 3,5% raunávöxtun sem miðað er við í tryggingafræðilegum uppgjörum lífeyrissjóðanna.

Fjármálakreppan hefur haft neikvæð áhrif á ávöxtun lífeyrissjóða um allan heim. Erlend hlutabréf féllu að jafnaði um 40 til 50% á liðnu ári og heimsvísitala hlutabréfa lækkaði um 43%. Efnahagshrunið var umfangsmeira hér á landi en í flestum löndum og hafði það afgerandi áhrif á afkomu íslenskra lífeyrissjóða. Þannig lækkaði úrvalsvísitala hlutabréfa um 94% á síðasta ári, mest við fall bankanna í október og hafa lífeyrissjóðirnir einnig þurft að færa niður skuldabréfaeignir sínar í íslenskum bönkum og fyrirtækjum vegna fjármálakreppunnar.

Íslenskir lífeyrissjóðir skiluðu að meðaltali 21,5% neikvæðri raunávöxtun á liðnu ári, samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu. Margir erlendir lífeyrissjóðir skiluðu lakari ávöxtun en þeir íslensku þrátt fyrir að efnahagshrunið hér á landi væri umfangsmeira heldur en í flestum löndum. Meðalávöxtun lífeyrissjóða í OECD ríkjunum var neikvæð um 20% á fyrstu tíu mánuðum ársins 2008 sem samsvarar 22% neikvæðri raunávöxtun. Í Bandaríkjunum og á Írlandi var meðalraunávöxtun lífeyrissjóða að meðaltali lægri en ávöxtun íslenskra lífeyrissjóða.

Iðgjöld til séreignardeildarinnar námu 625 milljónum á árinu 2008 samanborið við 597 milljónir árið áður. Eignir á reikningum í séreignardeild námu 6,1 milljarði í árslok samanborið við 6,5 milljarða í árslok 2007. Alls áttu tæplega 41 þúsund

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

einstaklingar inneignir í séreignardeild í árslok 2008. Rekstrarkostnaður séreignardeildarinnar er með því lægsta sem þekkist meðal lífeyrissjóðanna eða einungis 0,06% af eignum. Hrein nafnávöxtun inneigna á séreignarreikningum var neikvæð um 11,8% sem svarar til 24,2% neikvæðrar raunávöxtunar. Séreignardeildin erávöxtuð samhliða öðrum eignum sjóðsins.

b) Tryggingafræðileg athugun

Framkvæmdastjóri greindi frá því að tryggingafræðileg úttekt miðað við árslok 2008 sýnir að heildareignir sjóðsins samanborið við heildarskuldbindingar eru neikvæðar um 39,2 milljarða eða um 7,2% sem er innan þeirra marka sem lög mæla fyrir um. Við úttektina er miðað við aðávöxtun sjóðsins á næstu áratugum verði 3,5% umfram hækkun vísitölu neysliverðs. Eignir samanborið við áfallnar skuldbindingar eru neikvæðar um 26,9 milljarða eða um 9,8%.

Tryggingafræðileg staða sjóðsins kallaði því ekki á lækkun réttinda og lífeyris frá síðustu áramótum. Vegna sterkrar stöðu lífeyrissjóðsins fyrir kreppuna og virkrar dreifingar eigna munu lífeyrisgreiðslur og réttindi haldast óbreyttar frá síðustu áramótum.

c) Fjárfestingastefna og fjárhagsáætlun 2009

Framkvæmdastjóri greindi frá því að fjárfestingastefna sjóðsins fyrir árið 2009 var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 21. nóvember 2008. Fjárfestingastefnan tekur töluverðum breytingum frá fyrra ári í ljósi efnahagshrunsins á Íslandi. Þannig eykst vægi ríkistryggðra skuldabréfa og innlána en vægi innlendra hlutabréfa minnkar. Fjárfestingastefnan er í samræmi við lög um starfsemi lífeyrissjóða og er yfirfarin af Fjármálaeftirlitinu.

Eftirtaldar breytingar voru gerðar á hámarksvægi einstakra verðbréfaflokka í fjárfestingastefnunni:

Innlán í bönkum og sparissjóðum 15% (var áður allt að 5%).

Ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs 50% (var áður allt að 35%).

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Þá greindi hann frá fjárhagsáætlun ársins 2009. Áætlað er að lánveitingar til sjóðfélaga verði 10 til 20% af ráðstöfunarfé, kaup á skuldabréfum stofnlánasjóða og fyrirtækja nemi allt að 5%, keypt verði skuldabréf Íbúðalánasjóðs fyrir 10 til 25% af ráðstöfunarfé, varið verði til kaupa á ýmsum markaðsskuldabréfum 20 til 45% af ráðstöfunarfé, til innlendra hlutabréfakaupa verði varið 10 til 20% af því sem verður til ráðstöfunar og 10 til 20% verði varið til kaupa á erlendum verðbréfum. Fjárhagsáætlunin er sífellt til endurskoðunar eftir aðstæðum á fjármálamörkuðum.

d) Tilnefning FÍS í stjórn sjóðsins

Framkvæmdastjóri greindi frá því að Margrét Kristmannsdóttir, sem tilnefnd var af Félagi íslenskra stórkaupmanna, hafi ákveðið að hætta í stjórn sjóðsins í árslok 2008 og tók Bogi Þ. Siguroddsson sæti hennar í stjórn.

e) Tillögur stjórnar til breytinga á samþykktum

Framkvæmdastjóri greindi frá því að stjórn sjóðsins hafi samþykkt eftirfarandi breytingar á samþykktum sjóðsins sem staðfestar hafa verið af aðildarsamtökum sjóðsins:

Eftirfarandi breyting var gerð á gr. 8.3. sem hljóðar þannig:

Leiði tryggingafræðileg athugun í ljós að *meiri frávik eru á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga samkvæmt gr. 8.2. en kveðið er á um í 2. mgr. 39. gr. laga nr. 129/1997* er stjórn sjóðsins skylt að gera tillögur til aðildarsamtaka sjóðsins um nauðsynlegar breytingar á samþykktum sjóðsins. Stjórn sjóðsins er heimil hækkan eða lækkan lífeyrisréttinda sé munur eignarliða og lífeyrisskuldbindinga innan við 5% að höfðu samráði við tryggingafræðing sjóðsins.

Með þessari breytingu var tekin upp bein tilvísun í 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem fjallar um tryggingafræðilegar athuganir. Þannig eru samþykktir lífeyrissjóðsins færðar að lögum en ákvæði samþykktu sjóðsins voru þrengri en löginn þar sem gert var ráð fyrir tafarlausri réttindalækkan við 5% mun eigna og skuldbindinga í stað þess að miða við 10% mörk eins og löginn gera ráð fyrir.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Þar sem fyrir lá í október s.l. að fjármálakreppan hafði leitt til verðfalls á verðbréfasafni sjóðsins, var gerð tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins miðað við árslok 2008 á grundvelli áætlaðra stærða. Niðurstöðurnar sýndu áætlaða neikvæða 9,6% stöðu. Ef samþykktum sjóðsins hefði ekki verið breytt hefði það leitt til 10% lækkunar lífeyris og réttinda til þess að ná hallanum inn fyrir 5% mörk samþykktanna.

Eftirfarandi breytingar voru gerðar á 9. og 19. grein samþykktanna er varðar séreignardeildina:

Nýrri málsgrein var bætt við gr. 9.1. sem yrði 2. mgr. og hljóði þannig:

Stjórn sjóðsins er heimilt að móta sérstaka fjárfestingastefnu fyrir hverja einstaka deild sjóðsins, sbr. gr. 3.1. og gr. 19.4.

Ný grein 19.4. hljóðar því þannig:

Stjórn sjóðsins er heimilt að bjóða upp á fleiri en eina ávöxtunarleið í B-deild og móta sérstaka fjárfestingastefnu fyrir hverja einstaka ávöxtunarleið í samræmi við ákvæði 36. gr. laga nr. 129/1997, sem rétthafi getur valið um í samningi sínum við sjóðinn. Bjóði sjóðurinn upp á fleiri en eina ávöxtunarleið fyrir séreignardeild getur sjóðfélagi óskað eftir flutningi á milli ávöxtunarleiða eftir þeim reglum sem stjórn sjóðsins setur.

Ástæðan fyrir framangreindir breytingu er sú að með henni er unnt að bjóða upp á fleiri valkosti við ávöxtun séreignarsparnaðarins. Þannig er m.a. unnt að bjóða sjóðfélögum í séreignardeild upp á leið sem fælist í verðtryggðum innlánnum. Væntanlega yrði sjóðfélögum sem náð hafa 60 ára aldri ráðlagt að færa inneign sína á innlánsleið. Eins gæti það orðið heppilegur valkostur fyrir rétthafa í séreignardeild sem hafa hafið töku ellilífeyris.

Nýlega voru síðan samþykktar eftirfarandi breytingar á samþykktum sjóðsins, en fyrst og fremst er um að ræða breytingar sem leiða af lögum nr. 171/2008 um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Ein breyting leiðir af ákvæðum laga nr. 108/2006.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Grein 5.3. er varðar hæfi stjórnarmanna hljóði þannig:

Stjórnarmenn í lífeyrissjóði skulu vera lögráða, fjár sins ráðandi, hafa óflekkað mannorð og mega ekki á síðustu fimm árum hafa í tengslum við atvinnurekstur fengið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga, gjaldprot eða opinber gjöld. Stjórnarmenn skulu vera búsettir hér á landi, í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða í Færeyjum. Stjórnarmenn skulu jafnframt búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt.

Breyting þessi leiðir af 18. grein laga nr. 108/2006 og 7. grein laga nr. 171/2008. Með ákvæðinu var bætt við tilvísun til aðildarríkja stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu sem og Færeyja.

Grein 5.5. er varðar innra eftirlit hljóði þannig:

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans og skal annast um að skipulag hans og starfsemi sé jafnan í réttu og góðu horfi. Hún tekur stefnumarkandi ákvarðanir, er varða hag og starfsemi sjóðsins, og annast um að nægilegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn sjóðsins mótar innra eftirlit lífeyrissjóðsins og skjalfestir eftirlitsferla.

Við gr. 10.8. er varðar heimild til að senda yfirlit með rafrænum hætti, bætist svohljóðandi málsgrein:

Lífeyrissjóðnum er heimilt að skila yfirlitum samkvæmt grein þessari með rafrænum hætti til sjóðfélaga óski sjóðfélagi eftir því. Yfirlit skulu þá aðgengileg sjóðfélaga á sjóðfélagavef sjóðsins.

Með breytingunni er færð í samþykktir sjóðsins heimild sem lögfest var með 4. gr. laga nr. 171/2008 um að heimila sjóðfélögum að afþakka yfirlit í pappírformi og fá í stað þess rafrænt yfirlit.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Eftirfarandi breytingar á gr. 12.7. í samþykktum sjóðsins leiðir af ákvæði 3. gr. laga nr. 171/2008 þar sem skilyrði fyrir gagnkvæmri skiptingu ellilífeyrisréttinda voru rýmkuð: Í stað orðanna “í síðasta lagi sjö árum áður en taka ellilífeyris getur fyrst hafist” kemur: “ekki síðar en fyrir 65 ára aldur”

Grein 12.7. hljóðar því þannig:

Á grundvelli samkomulags sjóðfélaga og maka hans getur sjóðfélagi ekki síðar en fyrir 65 ára aldur og ef sjúkdómar eða heilsufar draga ekki úr lífslíkum hans, ákveðið, að verðmæti uppsafnaðra ellilífeyrisréttinda hans skuli allt að hálfu renna til að mynda sjálfstæð ellilífeyrisréttindi fyrir maka hans eða fyrrverandi maka og skerðast þá ellilífeyrisréttindi sjóðfélagans, sem því nemur. Ellilífeyrir makans skal ákvarðast af mati tryggingafræðings sem miðast við, að heildarskuldbindingar sjóðsins aukist ekki við þessa ákvörðum sjóðfélagans.

Eftirfarandi breyting á gr. 19.2. er varðar uppsögn samnings um lífeyrissparnað í séreign, leiðir af 1. gr. laga nr. 171/2008 um að heimilt er að segja upp samningi um lífeyrissparnað í séreign með tveggja mánaða fyrirvara í stað sex mánaða áður.

Eftirfarandi breyting á gr. 19.3.1. er varðar útgreiðslu lífeyrissparnaðar í séreign vegna aldurs, leiðir af 3. gr. laga nr. 171/2008 um að heimilt er að greiða lífeyrissparnað í séreign út í eingreiðslu við 60 ára aldur. Áður hafði verið mælt fyrir um að dreifa þyrfti greiðslu á þann tíma sem sjóðfélagi vantaði í 67 ára aldur.

Málgreinin hljóðar því þannig:

Inneign hans á séreignarreikningi verði greidd út með jöfnum mánaðarlegum greiðslum eða í eingreiðslu. Útborgun má þó ekki hefjast fyrr en rétt hafi hefur náð 60 ára aldri.

Eftirfarandi breyting á gr. 19.3.4. er varðar útgreiðslu lífeyrissparnaðar í séreign vegna andláts, leiðir af 3. gr. laga nr. 171/2008 um að veitt er heimild til að greiða lífeyrissparnað í séreign til erfingja í eingreiðslu í stað þess að dreifa greiðslum á tiltekið tímabil.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Af þessu leiðir að eftirfarandi 2. og 3. málsliður greinar 19.3.4. falla brott í samþykktum sjóðsins. Hlut barna ber að greiða með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á minnst 7 árum eða á þeim árum, sem barnið vantar í 18 ára aldur, hvort sem lengra er. Hlut eftirlifandi maka ber að greiða með jöfnum mánaðarlegum greiðslum á minnst 7 árum.

Eftirfarandi breyting á gr. 19.3.5. og 19.3.3. er varðar útgreiðslu lífeyrissparnaðar í séreign vegna orkutaps, leiðir af því að þar sem nú er heimilt að greiða lífeyrissparnað í séreign út í eingreiðslu við 60 ára aldur sem og vegna fráfalls, er gr. 19.3.5. óþörf hvað þær heimildir varðar. Hins vegar á hún eftir sem áður við vegna útgreiðslu í tengslum við orkutap. Því er lagt til að heimild til greiðslu lágrar fjárhæðar í eingreiðslu verði hluti af gr. 19.3.3. sem hljóði þannig:

Óski rétthafi þess er heimilt að víkja frá fyrrgreindum endurgreiðslutíma ef innstæðan er undir kr. 500.000. Viðmiðunarfjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

f) Ákvörðun um stjórnarlaun

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir ákvörðun um laun stjórnar. Sagði hann að laun stjórnarmanna frá 1. janúar 2009 væru 85.000 kr. á mánuði og fengi formaður tvöföld stjórnarlaun og varaformaður ein og hálföld stjórnarlaun. Stjórnarlaunin voru lækkuð um 10% frá árinu áður.

Að lokum þakkaði hann samstarfsfólki sínu fyrir mjög gott samstarf og formanni og stjórn þakkaði hann ánægjulegt samstarf á liðnu starfsári. Að endingu þakkaði hann, fyrir hönd starfsmanna sjóðsins, þeim fjölmörgu sjóðfélögum sem leituðu til sjóðsins með málefni sín á liðnu ári fyrir ánægjuleg samskipti.

3. Önnur mál

Víglundur Þorsteinsson kvaddi sér hljóðs og sagði m.a. að á liðnu ári hafi sjóðurinn orðið fyrir fyrsta stóra fjárfestingaáfalli sínu um áratugaskeið. Sagði hann að á árinu 1991 hefði LV fyrst átt fyrir lífeyrisskuldbindingum sínum og það á undan flestum öðrum sjóðum. Með lífeyrislögnum 1997 var lágmarks réttindastuðull lífeyrissjóða

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

færður í 1,4 en réttindi hjá LV voru áfram hærrí en lágmarkið. Á sama tíma var staða sjóðsins það sterk að réttindi sjóðfélaga bæði til fortíðar og framtíðar voru hækkuð um 11,8%. Síðan hafa sjóðfélagar fengið 4% og 7% viðbótarhækkanir umfram verðlag á lífeyrisréttindi sín. LV kemur því vel út í samanburði við aðra íslenska lífeyrissjóði.

Víglundur nefndi störf Þorgeirs Eyjólfssonar, sem nýlega lét að störfum sem forstjóri sjóðsins. Sagði hann að á 25 ára starfsferli Þorgeirs sem forstjóra sjóðsins hafi hann, ásamt stjórn og samstarfsmönnum sínum, sýnt árangur sem stenst fyllilega allan samanburð við aðra íslenska lífeyrissjóði. Þá sagði hann að lífeyrissjóðurinn hefði verið það forsjáll árið 2006 að hækka ekki réttindi sjóðfélaga eins mikið og mögulegt var og hafði sjóðurinn því borð fyrir báru og gat mætt áföllum liðins árs án þess að þurfa að lækka lífeyrisréttindi um síðustu áramót.

Guðmundur Kristinsson spurðist fyrir um stöðu fjárfestingar LV í Exista og Bakkavör.

Ragnar Þ. Ingólfsson kvaddi sér hljóðs og lagði m.a. fram tillögur um að sett verði launapak á æðstu stjórnendur sjóðsins, að bækur sjóðsins verði opnaðar og skuldabréfaeign sjóðsins verði sundurliðuð og gerð opinber. Jafnframt að lagður verði fram eignalisti yfir öll hlutabréf, skuldabréf og aðrar eignir sjóðsins þann 1.1.2008, 3.10.2008 og 1.1.2009, á bæði við innlendar sem og erlendar fjárfestingar ásamt yfirliti yfir þóknarir við eignatílfærslur. Að fundurinn samþykki ekki ársreikning fyrir en bækur sjóðsins hafa verið opnaðar og skuldabréfaeign sundurliðuð og gerð opinber. Var framangreindum tillögum vísað til stjórnar sjóðsins.

Þá óskaði hann eftir að á fundinum yrði kosið um þá tillögu, að óháðir erlendir aðilar, sem fulltrúar sjóðfélaga utan stjórnar sjóðsins tilnefna, myndu endurskoða bækur sjóðsins. Var tillagan borin undir atkvæði fundarmanna í lok fundarins eins og síðar greinir.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Barbara Ósk Ólafsdóttir kvaddi sér hljóðs og spurði m.a. í ljósi stöðu sjóðsins hvort núverandi sjóðfélagar væru að greiða lífeyrisþegum hærrí lífeyrir en sjóðurinn geti staðið undir.

Vilhjálmur Árnason lagði m.a. fram tillögu á fundinum um afnám verðtryggðra húsnæðislána og breytta útlánastefnu LV og var henni vísað til stjórnar sjóðsins.

Kristinn Örn Jóhannesson, formaður VR, tók til máls og lagði fram eftirfarandi tilmæli fyrir hönd nýrrar stjórnar VR: Stjórn VR beinir þeim tilmælum til stjórnar LV, að við ráðningu nýs framkvæmdastjóra sjóðsins, að launakjör munu taka mið af heildarkjörum ráðherra og hagsmunum sjóðfélaga. Einnig er stjórnin hvött til að endurskoða laun starfsmanna almennt í ofangreindu ljósi.

Þá vísaði hann til stjórnarfundar VR fyrr um daginn þar sem stjórnin samþykkti eftirfarandi: Í ljósi kosninga til trúnaðarstarfa VR 11 mars s.l. og breytinga á stjórn félagsins óskar stjórn VR að breytingar verði gerðar á stjórn LV. Markmið breytinganna er að endurspegla breytingar hjá VR inn í stjórn sjóðsins og renna frekari stoðum undir trúverðugleika hans. Stjórn VR samþykkti að tilnefna eftirfarandi aðila: Ragnar Önundarson og Ástu Rut Jónasdóttur, Benedikt Vilhjálmsson og Stefaníu Magnúsdóttur stjórnarmenn VR, og til vara Óskar Kristjánsson og Jóhönnu S. Rúnarsdóttur stjórnarmenn VR.

Benedikt Kristjánsson, stjórnarmaður í LV, tók til máls og þakkaði m.a. Capacent fyrir úttektina sem hann taldi vera heiðarlega og faglega unna. Þá sagði hann m.a. að hann teldi að lífeyrissjóðirnir ættu að koma að endurreisn atvinnulífsins m.a. til þess að skapa atvinnu og koma í veg fyrir að fólk flytji úr landi.

Rannveig Sigurðardóttir, kvaddi sér hljóðs, og taldi m.a. fráleitt að koma með tillögu á ársfundinum um nýja stjórnarmenn VR í stjórn LV, því kjörtímabil núverandi stjórnar LV er til 1. mars 2010. Lýsti hún yfir stuðningi við núverandi fulltrúa VR í stjórn sjóðsins.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

Hrafnkell Gunnarsson tók til máls og fagnaði því að fundurinn hefði verið færður til kl. 18.15. Sagðist hann m.a. hafa á ársfundum sjóðsins varað við fjármálahruni.

Guðmundur H. Garðarsson tók til máls og taldi m.a. að eftir á að hyggja hefði ekki verið rétt að afnema verðtryggingu launa á þeim tíma þegar verðtryggð lán voru tekin upp. Þá taldi hann það vel að verki staðið hjá sjóðnum að hafa náð yfir 3,5% raunávöxtun á undanförunum áratugum og sagði að Þorgeir Eyjólfsson ásamt samstarfsmönnum sínum, hefði átt ríkan þátt í þessum góða árangri. Minnti hann jafnframt á það mikilvæga hlutverk sem sjóðurinn hefur gegnt í gegnum tíðina að lána sjóðfélögum og fyrirtækjum til fasteignakaupa ásamt kaupum sjóðsins á skuldabréfum Íbúðalánasjóðs. Að endingu þakkaði hann stjórn sjóðsins, Þorgeiri Eyjólfssyni fráfarandi forstjóra og starfsmönnum fyrir góð störf í þágu sjóðsins og hvatti sjóðfélaga til að standa vörð um lífeyrissjóðinn.

Víglundur Þorsteinsson tók til máls og sagði að stjórnskipuleg rök væru fyrir þriggja ára kjörtímabili stjórnar sjóðsins. Taldi hann að kjörtímabil stjórnar LV ætti að vera óháð mannabreytingum í aðildarsamtökum sjóðsins. Tilgangurinn er þannig að taka lífeyrissjóðinn út úr hugsanlegum átökum í aðildarsamtökunum og skapa festu um stjórn sjóðsins. Taldi hann að stjórnarmenn sjóðsins ættu að sitja út kjörtímabilið nema þeir ákveði sjálfir að hætta, en þá ættu varamenn þeirra að taka við út kjörtímabilið.

Björn Lárusson tók til máls og taldi að bankarnir hefðu platað lífeyrissjóðina til að gera gjaldmiðlavarnarsamninga til að bankarnir gætu sjálfir hagnast sem mest á því.

Guðmundur Þ. Þórhallsson svaraði fyrirspurnum sem fram höfðu komið. Sagði hann m.a. að ekki tíðkaðist að veita upplýsingar um stöðu einstakra fyrirtækja sem sjóðurinn á skuldabréfakröfu á því það gæti skaðað hagsmuni sjóðsins. Þá sagði hann að frá 1990 hefði það tíðkast á innlendum skuldabréfamarkaði að fyrirtækjaútgáfur væru ekki veðtryggðar og að tryggingin sem stendur þar að baki væri rekstrarhæfi fyrirtækjanna. Þá vísaði hann til þess að í skýringum með ársreikningi sjóðsins er gerð grein fyrir afskriftum vegna skuldabréfaeignar sjóðsins,

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

en afskriftirnar koma að fullu til lækkunar fjármunatekna. Þá eru bankaskuldabréf þeirra banka eignfærð sem jafnframt voru samningsaðilar í gjaldmiðlavarnarsamningum við lífeyrissjóðinn, þar sem í þeim tilvikum er hægt að koma við skuldajöfnun vegna gjaldmiðlavarnarsamninganna.


Gunnar P. Pálsson tók til máls og svaraði einnig fyrirspurnum fundarmanna. Taldi hann m.a. að fara þyrfti yfir reglur um skilmála skuldabréfa fyrirtækja t.d. mætti setja uppgreiðsluákvæði í skuldabréfin þegar eigendaskipti eða samruni við önnur fyrirtæki á sér stað. Vegna fyrirspurnar um hvers vegna lífeyrisréttindi væru ekki lækkuð í ljósi neikvæðrar stöðu sjóðsins, sagði Gunnar að ekki hefði verið talið rétt að breyta lífeyrisréttindum á hverju ári og núllstillja þannig sjóðinn um hver áramót. Þá taldi hann að ef tekin yrði upp evra í stað íslensku krónunnar, yrðu íslenskir lífeyrissjóðir að gera upp með lægri ávöxtunarkröfu en 3,5% raunávöxtun í tryggingafræðilegum uppgjörum sínum. Víða erlendis er ávöxtunarkrafan 2% í uppgjörum lífeyrissjóða, en lækkun hennar myndi þýða að lækka þyrfti réttindi í lífeyrissjóðunum. Þá sagði hann að afnám verðtryggingar myndi koma sér afar illa fyrir lífeyrisþega því þá yrðu lífeyrissjóðirnir að afnema verðtryggingu lífeyrisskuldbindinga.

Að lokum sagði Gunnar að stjórn sjóðsins bæri fullt traust til PWC, endurskoðenda sjóðsins, og Capacent ráðgjafar, en bæði fyrirtækin væru í raun alþjóðleg. Varðandi úttekt Capacent á sjóðnum sagði hann, að stjórnin hefði ekki talið heppilegt að fá erlenda sérfræðinga við úttektina. Ástæðan er sú að kostnaður við úttektina hefði orðið margfalt meiri, m.a. í ljósi þess að lengri tíma hefði tekið fyrir erlenda aðila að setja sig inn í starfsemi sjóðsins og íslenskt lífeyrisumhverfi og samhliða því hefði þurft að þýða mikið magn af skjölum yfir á erlenda tungu.

LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA


Í lok fundarins óskaði Ragnar Þ. Ingólfsson eftir því, að tillaga hans yrði borin undir atkvæði fundarmanna, um að fengnir verði óháðir erlendir aðilar sem fulltrúar sjóðfélaga utan stjórnar tilnefna, til að endurskoða bækur sjóðsins. Var tillagan felld. Með voru 20, á móti 89.

Ekki tóku fleiri til máls. Fundarstjóri þakkaði fundarmönnum fyrir setu þeirra á ársfundinum og sleit fundi kl. 21.30.



Ólafur Gústafsson hrl.

fundarstjóri



Margrét Kristinsdóttir

fundarritari